

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Höfn



Dags eftirlits	20.6.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Bragason	Staðsetning	684509,411	421611,985

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð í stöð Olíudreifingar á Höfn, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi og prófun á skynjara og sjálfvirkum loka í frárennsli hafði farið fram. Upplýsingar um olíuleifar í frárennsli olíuskilju hafa borist Umhverfisstofnun. Notað var olíupróf Macherey Nagel og fannst olía ekki í frárennslinu.

Sex geymar eru í stöðinni á Höfn, fimm við Krosseyjarveg og einn svartolíugeymir við fiskimjölsverksmiðjuna á Óslandi. Allir geymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Næst þarf að botnþykktarmæla geymi T0042 eða fyrir 2015. Allar lagnir eru nýlega þrýstiprófaðar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Sjálfvirkur loki er í frárennsli þróa við Krosseyjarveg en loki í frárennsli þróa við Ósland stóð lokaður. Komið er að tæmingu á sandfangi í stöðinni við Krosseyjarveg. Áfyllingarplan var skoðað en það er farið að láta á sjá, en uppfylltir kröfur. Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir eru gerðar við stöðina.

ANNAÐ

Mæling í sandfangi í fráveitu stöðvarinnar við Krosseyjarveg sýndi að komið er að tæmingu.

Olíudreifing tilkynnti að sandfang var tæmt 29. júní 2012

Reykjavík, 02.07.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.